

Fimmtudaginn 26. nóvember 1998.

Nr. 459/1998.

Pórdís Richter

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Páli H. Pálssyni

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. nóvember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. október 1998, þar sem bú sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðila gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðili dæmd til að greiða kærumálskostnað.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, var eiginmaður sóknaraðila við fjárnám, sem beindist að henni og lokið var án árangurs 8. júní 1998, en við þá gerð styður varnaraðili kröfu sína um, að bú sóknaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Eiginmaður sóknaraðila var bær um að koma fram við fjárnámið fyrir hennar hönd samkvæmt 1. mgr. 24. gr., sbr. 62. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, en heimild hans til þess verður ekki studd við ákvæði laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Sóknaraðili verður dæmd til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Pórdís Richter, greiði varnaraðila, Páli H. Pálssyni, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. október 1998.**I.**

Ágreiningsmál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum mál-flutningi 14. október sl.

Sóknaraðili, Páll H. Pálsson, kt. 241120-2879, krefst þess, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá krefst hann málskostnaðar.

Varnaraðili, Þórdís Richter, kt. 130247-3779, Grenibýggð 6, Mosfellsbæ, krefst þess, að kröfu sóknaraðila verði synjað. Þá krefst hún málskostnaðar.

II.

Gjaldþrotaskiptabeiðni sóknaraðila, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 17. júlí sl., er reist á árangurslausu fjárnámi, sem fram fór hjá varnaraðila 8. júní sl. að kröfu sóknaraðila. Var krafist fjárnáms fyrir skuld, að fjárhæð 1.152.160 krónur. Við fyrirtöku fjárnámsins hjá sýslumanninum í Reykjavík lýsti eiginmaður varnaraðila yfir, að hún ætti ekki eignir til tryggingar kröfu sóknaraðila, og var því lýst yfir árangurslausu fjárnámi með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989 um aðför.

Auk kröfu um gjaldþrotaskipti lýsti sóknaraðili kröfu á hendur varnaraðila, að fjárhæð 1.232.372 krónur.

Við þingfestingu gjaldþrotakröfunnar 30. september sl. var þing sótt af hálfu skuldara, varnaraðila þessa máls, og kröfunni mótmælt og ágreiningsmál þetta síðan þingfest.

III.

Upphaflega var gerð aðför hjá varnaraðila að kröfu sóknaraðila 11. febrúar 1987 fyrir skuld, að fjárhæð 102.490 krónur, auk vaxta og kostnaðar, og byggðist hún á aðfararhæfri áskorunarstefnu. Varnaraðili var við aðförina og lýsti sig eignalaus.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 10. desember 1987 var bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta, og var framangreindri kröfu lýst í búið. Kröfulýsingin barst 27. janúar 1988. Skiptum á búi varnaraðila lauk 8. september 1988 með því, að engar eignir fundust í því.

Með beiðni 26. mars sl. óskaði sóknaraðili eftir því við sýslumanninn í Reykjavík, að gert yrði fjárnám hjá varnaraðila fyrir framangreindri skuld auka vaxta og kostnaðar. Við fyrirtöku hjá sýslumanni 8. júní sl. var lagt fram staðfest endurrit aðfarargerðarinnar frá 11. febrúar 1987. Eiginmaður varnaraðila var viðstaddur og lýsti yfir því, að hún væri eignalaus, og var gerðinni lokið án árangurs.

Sóknaraðili reisir kröfu sína um, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta, á þessu árangurslausa fjárnámi.

IV.

Varnaraðili heldur því fram í fyrsta lagi, að fjárnámið frá 8. júní sl. sé ógilt, þar eð það hafi grundvallast á staðfestu endurriti árangurslausrar fjárnámsgerðar, sem sé ekki talin til aðfararheimilda. Í öðru lagi er vísað til þess, að eiginmaður varnaraðila geti ekki lýst yfir eignaleyssi. Í þriðja lagi er bent á, að krafa sóknaraðila sé fyrnd, og í fjórða lagi, að krafan sé röng. Þá er einnig skírskotað til þess, að í kröfulýsingarskrá, frá því að bú varnaraðila var til gjaldþrotaskipta á árunum 1987 og 1988, sé kröfu sóknaraðila ekki lýst sem dómkröfu, heldur kröfu, er styðjist við samkomulag, og hafi hún verið samþykkt sem almenn krafa.

V.

Í aðfararbeiðni sinni frá 26. mars sl. óskar sóknaraðili eftir því, að aðfarargerðin frá 11. febrúar 1987 verði endurupptekin, og vísar í 1. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga. Við fjárnámið 11. febrúar 1987 var lögð fram aðfararhæf áskorunarstefna sem aðfararheimild, og var hún einnig slík heimild við fjárnámið 8. júní sl., sbr. 2. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, þegar fyrri aðför var endurupptekin. Þessari málsástæðu varnaraðila er því hafnað.

Samkvæmt 62. gr. aðfararlaga skal fjárnámi ekki lokið án árangurs, nema gerðarþoli hafi sjálfur verið viðstaddur gerðina eða málsvari hans. Í þessu tilviki var eiginmaður varnaraðila viðstaddur og lýsti yfir eignaleyssi. Til þess hafði hann heimild, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, og verður þeirri málsástæðu varnaraðila hafnað, að fjárnámið sé ógilt af þessum sökum.

Skiptum lauk í þrotabúi varnaraðila 8. september 1988, og giltu þá gjaldþrotalög nr. 6/1978. Samkvæmt 133. gr. þeirra bar þrotamaður ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, er ekki fengust greiddar við skiptin, í tíu ár, eftir að skiptum lauk. Með fjárnáminu 8. júní sl. var fyrning rofin innan tíu ára, og eru kröfur sóknaraðila því ófyrndar.

Fjárhæð kröfunnar kemur ekki til álita í þessu máli. Það er skiptastjóra að taka afstöðu til þess álitaefnis, er síðan má bera undir dómstóla samkvæmt reglum gjaldþrotaskiptalaga, og hið sama á við um, hvernar tegundar krafan er.

Samkvæmt öllu framansögðu er kröfum varnaraðila hafnað, og verður orðið við kröfu sóknaraðila um að taka bú varnaraðila til gjaldþrotaskipta. Þá verður varnaraðili úrskurðaður til að greiða sóknaraðila 30.000 krónur í málskostnað.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bú varnaraðila, Þórdísar Richter, kt. 130247-3779, er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hún greiða sóknaraðila, Páli H. Pálssyni, 30.000 krónur í málskostnað.
